

## **70. fundur**

**Fundur Atvinnumálanefndar 11. desember 2007 kl. 16:30 haldinn í Ráðhúsinu.**

**Mætt eru Þórður Magnússon, Þorsteinn Sigurðsson, Ólafur Guðmundsson, Magnús Bæringsson og Berglind Þorbergsdóttir.**

**Samþykkt að ganga strax til 2. liðar um vaxtarsamninginn.**

### **1. Ferðapjónusta**

Ólafur leggur fram eftirfarandi tillögur.

#### **Tillaga um upplýsingaskilti og hljóðleiðsögn fyrir ferðamenn í Stykkishólmi**

Tillagan er lögð fram í grófum dráttum og gert er ráð fyrir að þessi hugmynd þróist enn frekar í vinnuferlinu ef af verður. Lagt er til að Stykkishólmsbær standi að þessu verkefni. Hugmyndin er að merkja athyglisverða og merka staði hér í bæ með skiltum þar sem t.a.m. geta komið upplýsingar um sögu viðkomandi staðar eða náttúruupplýsingar eftir því sem við á. Það felst í þessari hugmynd að keypt verði þjónusta af einkaaðila s.s. auglýsingastofu eða hönnunarstofu um hönnun á skiltum og þróun hugmyndarinnar til að tryggja faglegan metnað og stíl.

Einnig er lagt til, þessu tengdu, að hljóðleiðsögn um bæinn verði í boði og á fleiri en einu tungumáli. Ýmsar tæknilegar útfærslur geta verið á slíkri leiðsögn og má nefna niðurhal af vefsíðu, leiga á hljóðtækjum og fá kynningu í gegnum handsíma (GSM) úr tilteknu símanúmeri. Erlendir ferðamenn sem hingað koma eru sagðir mjög skipulagðir og hafa kynnt sér vel í tíma þá staði sem þeir ætla að sækja heim hér á landi. Þeir væru líklegastir til að hala niður hljóðleiðsögnum af vefsíðu til að nota í Ipod eða öðrum spílurum. Götukort þar sem gert væri ráð fyrir þessum athyglisverðu stöðum ætti einnig að vera hægt að hala niður auk ljósmynda af viðkomandi húsi eða stað sem um ræðir.

Í þessu sambandi má einnig nefna að skoða þyrfti hvort ekki er kominn tími að setja upp yfirlitsskilti tjaldsvæðið.

Að lokum er lagt til að öll upplýsingaskilti í bænum verði endurskoðuð samfara þessari vinnu ásamt því að aukið verði við upplýsingaskilti svo sem skilti fyrir heita reiti, örnefnaskilti og jafnvel ártöl.

Jafnframt er lagt til að leitað verði til Eflingar um samvinnu hvað þetta varðar.

Kostnaður hefur ekki verið skoðaður í þessu sambandi og mjög líklegt að hægt sé að sækja styrki í þetta verkefni.

Tillagan samþykkt.

#### **Tillaga um tjaldsvæðið**

Nefndin leggur til að bæjaryfirvöld kanni hvort ekki sé möguleiki á að leggja inn umsókn til ferðamálaráðs, sbr. auglýsingu ráðsins um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum, um styrk til uppbyggingar og bættis aðgengis á tjaldsvæðinu. Samkvæmt auglýsingu þá getur hluti af styrkuppþæð farið til vinnu á deiliskipulagi ef til þess kæmi hvað þetta svæði varðar.

Tillaga samþykkt.

## **2.Vaxtasamningur**

Magnús Bæringsson kynnti tvær umsóknir Eflingar til Vaxtarsamnings Vesturlands. Í fyrsta lagi umsókn um þróun pakkaferða eldri borgara til Stykkishólms. Markmiðin eru helst þau að auka framboð afþreyingar fyrir eldri borgara, bæta ímynd bæjarins, fjölga ferðamönnum um vetrartímamann, auka arðsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu og efla samvinnu. Í öðru lagi heildræna vefsíðu fyrir Stykkishólm þar sem öll fyrirtæki bæjarins geta verið á auk annarra upplýsinga.

## **3. Önnur mál**

Þórður leggur til að atvinnmálanefnd kalli saman þá sem standi að bílaþjónustu í Stykkishólmi til að vinna að framtíðaráætlunum fyrir greinina.

Samþykkt að nefndin ræði við hagsmunaaðila og áhugasama.

Fundi slitið kl. 17:35.